

## AUGLÝSING

### um breytingu gjaldsvæða á bílastæðum í miðborg Reykjavíkur.

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 9. febrúar 2012, með tilvísun til 20. gr. samþykktar um Bílastæðasjóð Reykjavíkur frá 1. mars 1988, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987:

Almennum bílastæðum við götukant við Túngötu og á bílplani neðan Landakotskirkju verði breytt úr gjaldsvæði III í gjaldsvæði II með tímagjaldið 80 kr. á klst.

Almennum bílastæðum á Miðbakka við Geirsgötu verði breytt úr gjaldsvæði III í gjaldsvæði II með tímagjaldið 80 kr. á klst.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 10. febrúar 2012.*

**Jón Gnarr.**

---

B-deild – Útgáfud.: 1. mars 2012